

Certus líf- og sjúkdómatrygging 175

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Váttryggður: Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttthafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjaldsdagi: Aðalgjaldsdagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. SAMNINGURINN

Grundvöllur sjúkdómatryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar hafi ábyrgð félagsins fallið niður eða takmarkast og þess óskað að tryggingin taki gildi aftur.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda um váttrygginguna að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

2. GR. GILDISTAKA

Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn með öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum. Semja má um annan gildistökutíma.

Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. IÐGJALDAGREIÐSLUR

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendi kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal váttryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljóstast, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðinnheimtu.

5. GR. HEIMILD VÁTTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

6. GR. BÓTASVIÐ/VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

Váttryggingarfjárhæðin greiðist ef váttryggingaratburður samkvæmt 7. gr. ber að höndum á váttryggingartímanum.

Líftryggingarfjárhæð er sú fjárhæð sem valin er á umsókn og tilgreind í skírteini.

Váttryggingarfjárhæð Sjúkdómatryggingar er sjötíu og fimm af hundraði (75%) gildandi líftryggingarfjárhæðar.

Við greiðslu bóta vegna fráfalls, sem nema allri líftryggingarfjárhæðinni, falla líftryggingin og Sjúkdómatryggingin úr gildi.

Við greiðslu bóta sem nema 75% gildandi líftryggingarfjárhæðar, fellur Sjúkdómatryggingin úr gildi, líftryggingin helst áfram í gildi með fullri líftryggingarfjárhæð og greiðir líftryggður frá þeim tíma líftryggingariðgjald af fjárhæðinni samkvæmt gjaldskrá félagsins um líftryggingar. Um líftrygginguna, sem eftir stendur gilda líftryggingarskilmálar félagsins nr. EL1015.

7. GR. VÁTTRYGGINGARATBURÐUR OG SKILGREININGAR

Váttryggingaratburður telst vera ef váttryggður fellur frá eða greinist með einhvern eftirtalinn sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða, sem taldar eru upp, verður fyrir útlímamissi, blindu eða hlýtur alvarleg brunasár samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir:

Hjartaáfall/Kransæðastífla

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Greiningin verður að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir),
- nýjar breytingar á hjartalínuriti og
- hækkun á hjartaensímum.

Hjartaskurðaðgerð

Váttryggður gengst undir hjartaskurðaðgerð til að laga lokugalla eða aðra byggingargalla.

Kransæðauppskurður

Hjartaskurðaðgerð vegna þrængsla eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð í einstaklingum með slæma hjartakveisu en tekur ekki til aðgerða eins og blástursaðgerða eða leysigeislameðferða.

Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð

Váttryggður gengst undir skurðaðgerð til að laga þrængsli, rof eða æðagúlp (flysjugúlp) á meginslagæð í brjóst- eða kviðarholi.

Heilaáfall/Slag

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en í sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu og blóðrek. Skilyrði er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Krabbamein

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja og ífarandi fruma. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði), en undanskilur staðbundið krabbamein (ekki ífarandi), æxli sem koma hjá sjúklingum með ónæmismisbæklun og öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli.

Góðkynja heilæxli

Heilæxli sem ekki eru illkynja. Undanskilin eru blóðrur, hnúðar(granulomas), heilahimnuæxli (meningiomas), seilaræxli (chordomas), æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum, heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

MS

Ótvíræð sjúkdómsgreining taugasérfræðings þarf að liggja fyrir um að viðkomandi hafi fengið fleiri en eitt kast með ótvíræðum

einkennum sjúkdómsins og hann verið staðfestur með nútíma rannsóknartækni eins og segulólumun.

MND

MND greindur af taugasérfræðingi.

Meiriháttar líffæraflutningar

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, hjarta og lunga, lifur, briskirtli, nýra eða beinmerg.

Nýrnabilun

Lokastig nýrnasjúkdóms, vegna hvaða orsaka sem er, þegar vátryggður gengst reglulega undir himnuskiiljun eða blóðskiljun eða hefur fengið nýrnaigræðslu.

Alzheimer

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimer, fyrir sextíu ára aldur vátryggðs, með viðeigandi rannsóknnum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum.

Parkinsons

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsons af óþekktum uppruna, fyrir sextíu ára aldur vátryggðs.

Alvarleg brunasár

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

Útlímamissir

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkliðs.

Blinda

Alger og varanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

8. GR. SJÚKDÓMATRYGGING BARNNA

Ef barn vátryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, verður á vátryggingartímanum fyrir vátryggingaratburði, sem skilgreindur er í 7. gr., greiðir félagið fimmtíu af hundraði (50%) vátryggingarfjárhæðar Sjúkdómatryggingar samkvæmt því sem nánar greinir í 4. mgr. 9. gr.

Bætur eru ekki greiddar vegna vátryggingaratburða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barnsins fyrir töku vátryggingarinnar.

Um ættleidd börn gildir, að félagið er ekki bótaskyldt, ef hægt er að rekja orsakir vátryggingaratburðar til sjúkdómsástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

Ennfremur eru bætur ekki greiddar vegna aðgerða sem framkvæmdar eru á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára ef greining sem leiddi til aðgerðar var fyrir 3ja mánaða aldur.

Greiðsla bóta úr Sjúkdómatryggingu barna hefur ekki áhrif á Sjúkdómatryggingu vátryggðs.

Skilyrði fyrir bótaskyldu er að barnið lifi a.m.k. í 30 daga frá vátryggingaratburði, sem leiðir til bótaskyldu skv. 1. mgr.

Bætur greiðast vegna eigin barna vátryggðs. Einnig greiðast bætur vegna fósturbarna og stjúpbarna, enda búi fósturbörn eða stjúpborn á sama heimili og vátryggður. Gilda þá einnig fyrirvarar 2. málslíðar 2. málsgreinar auk 3. málsgreinar, eftir því sem við á.

9. GR. TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU

Aðrir atburðir en þeir vátryggingaratburðir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 7. gr. eru ekki bótaskyldir samkvæmt vátryggingu þessari.

EKKI eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku vátryggingarinnar.

Bætur úr vátryggingu þessari greiðast vátryggðum vegna hans sjálfs aðeins einu sinni og skilyrði fyrir bótageiðslu úr sjúkdómahluta tryggingarinnar er að vátryggður lifi a.m.k. í 30 daga frá því vátryggingaratburður gerðist. Bætur úr Sjúkdómatryggingu barna greiðast aðeins einu sinni fyrir hvert barn.

Hámark bóta úr Sjúkdómatryggingu barna vegna hvers barns er kr. 7.000.000,-. Ef bætur greiðast úr fleiri en einni Sjúkdómatryggingu, greiðast aldrei hærra bætur en nemur þeirri vátryggingarfjárhæð Sjúkdómatryggingar, sem tilgreind er í því vátryggingarskírteini sem hefur að geyma hæstu sjúkdómatryggingarfjárhæðina. Bætur greiðast þá vátryggðum hlutfallslega eftir vátryggingarfjárhæð Sjúkdómatryggingar hvers skírteinis. Ef fleiri en eitt vátryggingarskírteini er skráð á nafn eins og sama vátryggingartaka skal, þegar hæsta vátryggingarfjárhæð er fundin út skv. 2. ml., leggja saman fjárhæðir í öllum skírteinum sem á hann eru skráð.

Ábyrgð félagsins fellur niður ef líftryggður sviptir sig lífi innan eins árs frá útgáfudegi tryggingarinnar.

10. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ OG FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að sjúkdómahluti skilmála þessara taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Réttthafi glatar rétti til bóta úr sjúkdómahluta vátryggingarinnar ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr vátryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sam hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum vátryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

11. GR. BREYTING VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR OG IÐGJALDS

Á aðaljalddaga, ár hvert, breytast vátryggingarfjárhæðin og iðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá útgáfumánuði. Undirliggjandi vísitala er vísitala neysliverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði/aðaljalddaga.

Lækki vísitalan hefur það hvorki áhrif til lækunar á vátryggingarfjárhæð né iðgjald.

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldatöflu félagsins ef almenn áhættuaukning verður eða tjónareynsla verður verulega meiri en ætlað var í tæknilegum grundvelli vátryggingarinnar.

12. GR. GILDISTÍMI

Vátrygging þessi gildir frá útgáfudegi og endurnýjast til loka þess samningstíma sem valinn var og tiltekinn er í skírteini.

13. GR. RÉTTUR TIL HÆKKUNAR LÍFTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR ÁN YFIRLÝSINGAR UM HEILSUFAR

Ef iðgjald fyrir Sjúkdómatryggingu 175 er ákveðið án aukaiðgjalds getur vátryggður sótt skriflega um hækkun á líftryggingarfjárhæðinni án frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan þriggja mánaða frá því annað hvort eftirgreindra atvika á sér stað:

- Vátryggður eignast barn á vátryggingartímanum eða
- vátryggður ættleiðir barn á vátryggingartímanum sem er yngri en 18 ára.

Hámarkshækkun líftryggingarfjárhæðar er 25% fjárhæðarinnar, en þó að hámarki kr. 2.000.000,-, miðað við vísitölu neysliverðs

199,1 stig, fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.

Þessi réttur fellur þó niður við 45 ára aldur váttryggðs.

Við hækkun líftryggingarfjárhæðarinnar hækkar iðgjald váttryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.

Hækkunin tekur gildi á næsta aðalgjalddegi eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt.

Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta samkvæmt 7. grein, eða ef váttryggingaratburð hefur borið að höndum sbr. 7. gr.

14. GR. HVAR VÁTTRYGGINGIN GILDIR

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

15. GR. RÉTTARFAR OG BÓTAGREIÐSLUR

Réttthafi vegna annarra váttryggingaratburða en andláts er váttryggður.

Hafi váttryggingartaki ekki tilnefnt réttthafa váttryggingarfjárhæðar gilda ákvæði XV. kafla laga nr. 30/2004.

Hægt er að breyta ánöfnun líftryggingarfjárhæðar með skriflegri tilkynningu til félagsins.

Bætur greiðast innan fjórtán daga frá því að skrifstofu félagsins berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskyldu félagsins.

Framsál þess samnings, sem í skilmálum þessum felst, veðsetning og hvers konar umráðaskerðing réttinda þeirra sem tilgreindir eru réttthafar að líftryggingarfjárhæðinni eða hjá félaginu, skal þegar í stað tilkynnt félaginu með sannanlegum hætti. Sá sem eignast hefur réttindi yfir samningnum getur ekki beitt réttindum sínum nema nafn hans hafi verið tilkynnt félaginu með sannanlegum hætti og hann fært sönnur á réttindi sín samkvæmt samningnum.

Félaginu er heimilt að greiða líftryggingarfjárhæðina út við andlát hins líftryggða, samkvæmt þeim upplýsingum sem hjá félaginu eru skráðar. Telst það endanleg og lögfull greiðsla.

16. GR. IÐGJALDAFRELSI

Váttryggður getur skriflega óskað eftir niðurfellingu ógreiddra iðgjalda váttryggingarinnar ef váttryggður, vegna slyss eða sjúkdóms á váttryggingartímanum, sem ekki er bótaskyld samkvæmt 7. gr. þessara skilmála, missir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar.

Beiðninni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu.

Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika til annarra starfa.

Iðgjaldafrelsi veitist þó ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann, áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.

Iðgjaldafrelsi hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn átti sér stað og varir meðan hann er til staðar, en þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs eða loka samningstímans ef hann er fyrr.

Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsurfarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í lækni- og skoðanir eins oft og þurfa þykir, á kostnað félagsins.

Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

17. GR. BÓNUS

Váttryggingartaki hefur rétt til hlutdeildar í bónusi eftir reglum félagsins.

18. GR. FYRNING BÓTAKRAFNA

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

19. GR. ENDURKAUP OG LÁN

Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

20. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreiningi um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi fornlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfhætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

21. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta úr sjúkdómahluta þessarar tryggingar þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

22. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem kunna að rísa vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. EC1014
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður CC105

Viðauki nr. VL175
Gildir frá og með 15.05.2005